

**462. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 11. desember 2013  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður og Indriði Indriðason Embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti lýsti fundinn lögmætan.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist liður 3. fundargerð 81.fundar skólanefndar. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. 1312028 - Fundargerð 810. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. frá 27. nóvember 2013.**

Til kynningar.

**2. 1311003F - Félagsmálanefnd - 17**

Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.

**3. 1312002F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 81**

Hreppsnefnd óskar eftir að þær tölulegu upplýsingar sem lágu fyrir fundinum undir 1.tl. verði bókaðar inn í fundargerðina. Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.

**4. 1310014 - Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.**

Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps tekin til síðari umræðu og samþykkt samhljóða. Fellur þá úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps nr. 48/2007.  
Sveitarstjóra falið að senda samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps innanríkisráðuneytinu til staðfestingar og birtingar í Stjórnartíðindum.  
Samþykkt samhljóða.

**5. 1312018 - Uppgjör vegna reksturs Tálknafjarðarskóla skólaárið 2012-2013.**

Hreppsnefnd samþykkir að greiða Hjallastefnunni ehf. 4.200 þús.kr. vegna uppgjörs skólaársins 2012-2013.

Uppgjörið kemur til greiðslu á árunum 2014 og 2015, 2.100 þús.kr. hvort ár. Tekið er tillit til þessa í fjárhagsáætlunum þessara ára. Samþykkt með atkv. EIS, BG og BSH, ÁJ og BB sitja hjá.

**6. 1312019 - Sameiginlegt markaðsátak fyrir Vestfirði.**

Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í markaðsátaki fyrir Vestfirði skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun og kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaga á Vestfjörðum. Framlag Tálknafjarðarhrepps er kr. 291.708.- á ári, árin 2014, 2015 og 2016. Samþykkt samhljóða.

**7. 1311036 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2014 og 2015 -2017.**

Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2014, síðari umræða. Með áorðnum breytingum á milli umræðna eru lykiltölur sem hér segir :

Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps sveitarsjóður 2014 :

Tekjur alls kr. 230.036.000  
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði kr. 224.589.000  
Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 9.498.000  
Veltufé frá rekstri kr. 14.564.000  
Afborganir langtímalána kr. (13.014.000)  
Handbært fé í árslok kr. 733.000

Fjárhagsáætlun B-hluta fyrirtækja Tálknafjarðarhrepps 2014:

Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs, hagnaður kr. 674.000  
Rekstrarniðurstaða Fráveitu, hagnaður kr. 2.635.000  
Rekstrarniðurstaða Félagslegra íbúða, tap kr. (7.147.000)  
Rekstrarniðurstaða vatnsveita, tap kr. (53.000)  
Rekstrarniðurstaða Leiguíbúðir, hagnaður 432.000  
Rekstrarniðurstaða Hitaveita, tap (824.000)  
Veltufé frá rekstri kr. 4.318.000  
Afborganir langtímalána kr. (2.560.000)

Fjárhagsáætlun samstæðu Tálknafjarðarhrepps 2014:

Tekjur alls kr.257.443.000  
Gjöld alls kr. 245.439.000  
Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 5.215.000  
Veltufé frá rekstri kr. 18.882.000  
Afborganir langtímalána kr. 15.574.000  
Handbært fé í árslok kr. 815.000

Eigið fé í samstæðu í árslok 2014 kr. 198.807.000.-  
Skuldir og skuldbindingar í árslok 2014 kr. 153.781.000.-

Fjárfestingar eru áætlaðar sem hér segir:  
Íþróttahús og sundlaug 7.000.000, endurnýjun á heitavatnslögn  
20.000.000, Vatnsveita 5.000.000 og þjónustumiðstöð 1.500.000.  
Samþykkt samhljóða.

**8. 1309098 - Tillaga að álagningarprósentum, afslættir og gjaldskrár fyrir árið 2014.**

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesti viðauka, dags. 13. nóvember 2013, við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá 23. nóvember 2010, sem formaður og framkvæmdastjóri sambandsins undirrituðu fyrir hönd sveitarfélaganna. Vegna staðfestingu viðaukans þá samþykkir Tálknafjarðarhreppur að útsvarhlutfall fyrir árið 2014 verði 14,52% með fyrirvara um að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum.  
Samþykkt samhljóða.

**9. 1309035 - Umsók um leyfi til hundahalds í Tálknafirði**

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt.  
Samþykkt samhljóða.

**10. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri verður í frí frá 18. desember 2013 til 3. janúar 2014. Opið hús verður á Vindheimum nk.laugardag frá kl. 13-15, boðið upp á súkkulaði, smákökur og kaffi. Sveitarstjóra falið að hafa samband við forstjóra Símans þar sem borið hefur á mikilli óánægja íbúa með fjarskiptasamband fyrirtækisins.

**11. 1312030 - Heimild til starfsmanna vegna reikningsviðskipta.**

Sveitarstjórn samþykkir að þeir aðilar sem tilgreindir eru á listanum séu þeir einu sem hafa heimild til að stofna til reikningsviðskipta í nafni Tálknafjarðarhrepps og undirstofnana.  
Samþykkt samhljóða.

**12. 1312031 - Uppsögn á samstarfsamningi**

Fyrir fundinum liggur uppsögn frá Vesturbyggð á samningi vegna byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hreppsnefnd þakkar Vesturbyggð gott samstarf í á undanförunum árum og samþykkir uppsögnina.  
Samþykkt samhljóða.

**13. 1312020 - Ársreikningur 2012, ásamt starfsskýrslu.**

Til kynningar.

**14. 1312021 - Þinggerð 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga, ásamt þingskjöllum.**

Til kynningar.

**15. 1312026 - Fundargerð stjórnar Fjóðungssambands Vestfirðinga frá 22. nóvember 2013.**

Til kynningar.

**16. 1312025 - Fundargerð stjórnar BsVest frá 22. nóvember.**

Til kynningar.

**17. 1312024 - Samþykktir Fjóðungssambands Vestfirðinga 1 jan. 2014.**

Til kynningar.

Oddviti óskar hreppsnefnd, sveitarstjóra, ritara gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samstarfið á árinu.

Oddviti vekur athygli á að næsti fundur hreppsnefndar verður þriðjudaginn 21.janúar 2014, skv. nýjum samþykktum um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.**
